

Alþingi  
Erindi nr. P 120/794  
komudagur 8/2 1996

Umsagnir við  
frumvarp til laga  
um breytingu á höfundalögum.

1. gr.

Við 11. gr. a bætast tvær málsgreinar svohljóðandi:

Þá skal þeim, sem öðlast hafa rétt til notkunar tölvuforrits, heimilt án sérstaks leyfis forritshöfundar að skoða, rannsaka eða prófa forritið í því skyni að kanna þær hugmyndir og þau grundvallarsjónarmið, sem einstakir þættir forritsins hvíla á, að því tilskyldu, að aðgerðir þessar tengist þeim afnotum sem rétthafa eru heimil í sambandi við nýtingu forritsins.

x VIKKNI  
ÞESS

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

Félag tölvunarfræðinga:

Orðalag 1. mgr. er ekki nægjanlega skýrt. Það verður að teljast eðlilegt og sjálfsagt að notandi forrits kynni sér virgni þess, þannig að ljóst sé að forritið fullnægi þörfum hans og væntingum og leysi þau vandamál sem því er ætlað að leysa. Hins vegar verður ekki talið að eðlilegt sé að notandi forrits brjóti upp forritið til þess að skoða útfærslu forritstextans (e. source code). Því er lagt til að orðalaginu verði breytt í þessa veru:

*Þá skal þeim sem öðlast hafa rétt til notkunar tölvuforrits, heimilt án sérstaks leyfis forritshöfundar að skoða, rannsaka eða prófa virgni forrits....*

3. gr.

Við 42. gr. a bætast eftirfarandi málsgreinar svohljóðandi:

Einnig er heimil afritun forrits og þýðing eða afþýðing þess, þegar slíkt er óhjákvæmilegt til öflunar upplýsinga, sem þörf er á til að ná fram rekstrarsamhæfni sjálfstæðs forrits við önnur forrit, að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1. að sú aðgerð sé framkvæmd af þeim aðila, sem aflað hefur sér með lögmætum hætti heimildar til notkunar forritsins.
2. að slíkar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar aðilum sem um getur í 1. tl. með greiðum hætti.
3. að aðgerðirnar takmarkist við þann hluta hins upphaflega forrits sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram rekstrarsamhæfni.

Upplýsingar, sem aflað hefur verið með heimild í grein þessari, verða aðeins notaðar til að auðvelda rekstrarsamhæfni við önnur forrit, en ekki á neinn þann hátt er raski lögmætum hagsmunum hins upprunalega forritshöfundar til eðlilegrar hagnýtingar þess, né brjóti gegn höfundarétti hans á annan hátt.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

Félag tölvunarfræðinga:

Samkvæmt 42. gr. nógildandi höfundalaga getur notandi forrits tekið keyrsluútgáfu þess, brotið hana upp (afþýtt) og breytt forritinu að vild, án samráðs við höfund forritsins.

Þetta ákvæði er ósættanlegt, eins og fram kemur í bréfi Friðriks Sigurðssonar fyrir hönd SÍH, til iðnaðarráðherra Jóns Sigurðssonar, þann 19.03. 1992. Félagið leggur því til að 42. gr. a sé sleppt.

Samkvæmt athugasemdum við 3. gr., á þetta ákvæði að uppfylla 6. gr. ráðsins um vernd tölvuforríta. Þetta mun eiga að vera undantekningartilvik sem grípa eigi til við sérstakar aðstæður, til að hægt sé að tengja alla íhluti í tölvukerfi. Félagið telur að þetta ákvæði, eins og það er sett fram í þessu frumvarpi, of opið. Telja verður að til ákvæðis eins og þessa megi einungis grípa til í tilfellum þar sem handhafi höfundaréttar getur ekki, af óviðráðanlegum ástæðum, veitt þær upplýsingar eða gert þær breytingar sem þörf er á. Sérstaklega viljum við því taka úr 2. tl. 1. mgr. og breyta honum í

*...að slíkar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar aðilum sem um getur í 1. tl. með öðrum hætti.*

#### 4. gr.

##### 43. gr. orðist svo:

Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða, sem ákvæði 7. gr. taka til, og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar, sem lengst lifir. Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst þó aðeins í 70 ár eftir dánarár þess, sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmyndaverks:

1. Aðalleikstjórar
2. Handritshöfundar, þar með taldir höfundar samtaltستا
3. Tónhöfundar, sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.

##### Félag íslenskra bókaúgefenda:

Það atriði í frumvarpinu, sem mest snertir bókaúgáfu, er lenging verndartíma höfundaréttar úr 50 árum í 70. Gera má ráð fyrir að þessi breyting hamli eða komi í veg fyrir endurútgáfu ýmissa mikilvægra íslenskra bókmenntaverka, sem æskilegt væri að almenningur ætti aðgang að. Þegar verndartími verka í nügildandi höfundalögum var takmarkaður við 50 ár mun hafa vakað fyrir löggjafa hér, sem í öðrum löndum, að verkin yrðu sameign þjóðarinnar að þeim tíma liðnum og miðlun þeirra til almennings auðveldari og ódýrari. Eðlilegt er að nánustu ættingjar og afkomendur höfundar njóti tekna af verkum hans um sinn að honum látnum en hve mörg skyldmenna skyldu yfirleitt hafa séð, hvað þá þekkt, ættingja sem létust fyrir 70 árum.

Bókaúgáfa á Íslandi á erfitt uppdráttar um þessar mundir, ekki síst vegna ótímabærra skattlagningar af opinberri hálfu eins og Félag íslenskra bókaúgefenda hefur margsinnis bent á. Því er vart ástæða til að leggja fleiri steina í götu þessarar greinar og takmarka hugsanlega um leið bókaval á íslenskum markaði.

Verði frumvarpið að lögum er hætt við að útgefendur, sem ráðgert hafa endurútgáfur verka að loknum 50 ára verndartíma á þessu eða næstu árum, hiki við einkum ef um er að ræða verk sem ólíklegt er að standi undir útgáfukostnaði eða sem seljast mjög hægt en útgefendur hefðu samt ráðist í að gefa út hefði höfundalaunabátturinn verið fallinn úr gildi. Sú hvatning kemur nú ekki til fyrr en 20 árum síðar. Þá má búast við að bækur sem nú eru á markaði eftir höfunda, sem látnir eru fyrir 50 árum eða fyrr, hækki sem nemur höfundarlaunum en þau nema nú ýmist 16% af útsöluverði án virðisaukaskatts sé miðað við sölu eða 11% sé miðað við framleidd eintök.

Stjórn Félags íslenskra bókaúgefenda leggst af þessum ástæðum eindregið gegn þeirri

breytingu frumvarpsins á höfundalögum, sem gerir ráð fyrir lengingu verndartíma höfundaréttar um 20 ár um leið og harmað er að fulltrúa bókaútgefenda skyldi ekki gefinn kostur á að taka þátt í starfi endurskoðunarnefndar eins og fulltrúum viðsemjenda þeirra í þessum málum.

### Almennar athugasemdir:

#### Félag bókasafnsfræðinga:

Það mundi rýra gildi bókasafna sem menningarmiðstöðva ef bannað væri að kaupa og leigja út annað efni en bækur, s.s. myndbönd og geisladiska.

Nauðsynlegt er að taka tillit til smæðar skólasafna og litilla fjárveitinga til þeirra og eru skólasafnverðir hræddir um að aukin gjöld þýði minni innkaup. Það mætti e.t.v. hugsa sér að miða endurgjald höfunda við lágmarks nemendafjölda.

#### Rithöfundasamband Íslands:

Stjórn rithöfundasambands Íslands lýsir yfir ánægju sinni með það sem fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið um nauðsyn þess að endurskoða ákvæði um greiðslur til höfunda fyrir afnot verka í bókasöfnum. Hér er um að ræða afar brýnt hagsmunamál rithöfunda og það gleður okkur sannarlega að athygli skuli vakin á því í þessu plaggi. Viðræður RSÍ og fulltrúa menntamálaráðuneytis um slíka endurskoðun eru þegar hafnar og vonum við að þeim ljúki farsælega hið allra fyrsta.

#### Hagbenkir-félag höfunda fræðirita og kennslugagna:

Stjórn Hagbenkis fagnar þeim ákvæðum í frumvarpinu sem skýra og afmarka hlutverk félaga sem annast réttargæslu fyrir höfunda svo sem gert er með ákvæðum í 2. gr. frumvarpsins um samningskvöð vegna endurvarps verka um kapalkerfi og gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Stjórn Hagbenkis vekur jafnframt athygli menntamálanefndar Alþingis á því hve brýnt er að vernda betur með íslenskum lögum rétt og hagsmuni höfunda ritverka vegna útlána bókasafna. Ekki ætti að láta við það sitja að gæta hagsmuna framleiðenda og listflytjenda vegna dreifingar til almennings á myndritum og hljóðritum eins og stefnt er að með umræddu lagafrumvarpi heldur taka jafnframt á því viðfangsefni sem greint er frá á neðri hluta fyrstu síðunnar í athugasemdum við umrætt lagafrumvarp. Sérstaklega skal bent á að þar segir um tilskipan um leigu og útlánarétt (92/100/EBE) að „samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings að því tilskyldu að a.m.k. höfundur fái þóknun vegna slíkra útlána.“ Núgildandi lög tryggja einungis hluta rétthafa, sem eiga bækur á opinberum bókasöfnum, þóknun fyrir útlán á verkum þeirra. Enn koma engar greiðslur fyrir afnot bóka í skólabókasöfnum eins og bent er á í athugasemdum. Greiðslur fyrir afnot bóka á almenningsbókasöfnum eru í engu samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og geta hvorki talist góð menningarpólitík né samræmast góðum viðskiptaháttum. Stjórn Hagbenkis skorar því á menntamálanefnd Alþingis að beita sér fyrir því að úr þessu verði bætt með viðeigandi lagasetningu hið fyrsta og býður fram aðstoð sína við það verk.

Stjórn Hagbenkis tekur eindregið undir það sjónarmið, sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu, að frekari lagabreytingar á höfundaréttarlöggjöfinni séu aðkallandi vegna stórstígra framfara við eintakagerð og miðlun hugverka þ.á.m. stafræna miðlun og rekstur gagnabanka.

Félag tölvunarfræðinga:

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins segir:

...Í þessu sambandi er rétt að áréttta þann skilning sem lagður er til grundvallar í tilskipuninni, að einungis framsetning tölvuforrits í ytra formi þess er vernduð, en hugmyndir og grundvallarforsendur sem liggja þar að baki, þar með taldar þær sem fylgnar eru í skilflötum þess, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt tilskipuninni. Er sá skilningur almennt lagður til grundvallar í íslenskri löggjöf um höfundarétt.

Félagið telur að þessi skilningur á höfundarétti sé alrangur og má í raun segja að þetta sé svipað því að vernda bókarkápu, en ekki innihald bókarinnar. Að sjálfsögðu er ekki rétt að vernda með höfundarétti hugmyndir og grundvallarforsendur (t.d. lagaforsendur) tölvuforrits, en það verður að koma skýrt fram að útfærsla þessara hugmynda og túlkun þeirra er vernduð með höfundarétti. Auk þess er stefnan í hugbúnaðargerð þessa dagana að staðla notendaviðmót, til að notandi þurfi ekki að venja sig á ólíka starfshætti í mismunandi forritum. Þeir dagar eru, sem betur fer, liðnir að framleiðendur hugbúnaðar marki sérstöðu sína með því á hvaða hnapp skuli ýta til að kalla fram hjálpartexta. Sérstaða hugbúnaðar byggist á útfærslu hugmynda, á sama hátt og sérstaða málverks byggist á útfærslu myndefnis. Þess vegna telur félagið að útfærsla hugmynda, sé sá hluti hugbúnaðar sem vernda eigi með höfundarétti.